



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

*Skattadagur Deloitte, SA, VÍ og viðskiptablaðs Mbl.
12. janúar 2006.
Ingimundur Sigurpálsson, formaður SA.*

Alþjóðavæðingin og íslenska skattkerfið

Ágætu fundarmenn!

Nú á dögum einkennist viðskiptalífið af hraða og umbreytingu sem aldrei fyrr. Fyrirtæki veita þjónustu um víða veröld og flytja framleiðsluvörur sínar heimshorna á milli. Í þessu umhverfi keppa íslensk fyrirtæki, sem leggja grunn að velferð landsmanna með verðmætasköpun af ýmsum toga.

Íslenskt atvinnulíf er virkur þátttakandi í alþjóðlegri samkeppni og verkaskiptingu. Íslensk fyrirtæki hafa í auknum mæli sótt á erlenda markaði og náð árangri, sem vakið hefur athygli. Alþjóðavæðingin er hluti af starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja, en með starfsemi sinni erlendis hafa þau stækkað efnahag landsins, skapað fjölda nýrra og áhugaverðra starfa, fært okkur ný tækifæri og bætt lífskjörin.

Á tímum harðrar alþjóðlegrar samkeppni verðum við að nýta öll þau tækifæri, sem standa til boða, með þeim einbeitta ásetningi að sækja fram og tryggja stöðu okkar. Að öðrum kosti drögumst við aftur úr. Gegnsæi, einfaldleiki og skilvirkni í lagasetningu, regluverki og öllu starfsumhverfi fyrirtækja eru þar lykilþættir, en óskýrar og íþyngjandi reglur umfram það, sem gildir um fyrirtæki í samkeppnisköndum okkar, vega á hinn bóginn að lífskjörum landsmanna.

Framsýni stjórnvalda og ósamkvæm eftirfylgni.

Íslensk stjórnvöld hafa á undanförunum árum sýnt þá framsýni að stuðla að bættu skattaumhverfi fyrirtækja á Íslandi og auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með þeim hætti. Þar þarf þó að gera betur. Þannig hafa Samtök atvinnulífsins vakið athygli á því, að skipa mætti skattaumhverfi hér á landi í fremstu röð með örfáum lagfæringum og þar með væri lagður frekari grunnur að því, að íslensk og erlend fyrirtæki sæju sér hag í að skrá starfsemi sína hér á landi.

Þótt undarlegt kunni að hljóma, þá virðist skorta á samkvæmni milli stefnumörkunar stjórnvalda og eftirfylgni þeirra stofnana, sem fara með framkvæmd skattamála. Til marks um það eru of mörg dæmi um túlkanir og ákvarðanir skattyfirvalda, sem byggja á óskýrum, umdeilanlegum og takmörkuðum rökstuðningi.

Af yfirlýsingum í fjölmiðlum má ennfremur nefna, að svo virðist sem ákveðinnar tortryggni gæti í garð íslenskra alþjóðafyrirtækja af hálfu skattyfirvalda. Þannig hefur sú skoðun verið sett fram, að æskilegt sé að setja á laggirnar nýja deild við embætti Ríkisskattstjóra, sem ætlað er að fylgjast sérstaklega með skattskilum stórra fyrirtækja, sem hafa flókin eignatengsl og bein eða óbein tengsl við útlönd.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga, að flest þau íslensku fyrirtæki, sem hafa haslað sér völl erlendis, eru skráð á hlutabréfamarkaði, og eru kröfur um reikningsskil og upplýsingaskyldu þeirra sem annarra fyrirtækja miklar. Í stað þess að setja á fót sérstaka eftirlitsdeild með íslenskum alþjóðafyrirtækjum væri það í meira samræmi við umbætur stjórnvalda á skattaumhverfi fyrirtækja á Íslandi ef skattyfirvöld leituðu samstarfs við þessi fyrirtæki um upplýsingagjöf. Það ætti að vera sameiginlegt hagsmunamál skattyfirvalda og stjórnenda fyrirtækja að skýra mál með samræðu í stað þess að nálgast upplýsingar á frumstigi skattheimtunnar út frá eftirlitsvaldi og rannsóknarstöðu.

Það er óumdeilt, að skattyfirvöld eiga að hafa eftirlit með fyrirtækjum og að mikilvægt sé að þau sinni því verki vel. Einnig er mikilvægt, að skattyfirvöld lagi sig að breyttum aðstæðum í íslensku viðskiptalífi og hafi yfir að ráða hæfum sérfræðingum, enda krefjast skattskil alþjóðafyrirtækja mikillar þekkingar. Tortryggni og íþyngjandi eftirlit er hins vegar engum til hagsbóta – hvorki skattyfirvöldum né stjórnendum fyrirtækja. Því er mikilvægt að hafa í huga, að eftirlit og upplýsingaöflun skattyfirvalda er eitt og skattrannsókn annað. Það er hagsmunamál íslensks samfélags að laða að íslensk og erlend fyrirtæki. Íslendingar þurfa á öllum tiltækum kröftum að halda til þess að standast alþjóðasamkeppni og það á að vera kappsmál okkar að laða til landsins fyrirtæki jafnt íslensk, erlend semalþjóðleg, þannig að þau sjái sér hag í að telja hér fram tekjur.

Ísland sem alþjóðleg fjármálamiðstöð

Sem betur fer eru Íslendingar nú í þeirri stöðu að eiga fjölmarga möguleika á auknum umsvifum á alþjóðavettvangi. Íslensk stjórnvöld hafa t.d. sett fram þá áhugaverðu hugmynd að byggja Ísland upp sem alþjóðlega fjármálamiðstöð og að kynna landið sem slíkt um víða veröld. Þetta er vissulega afar áhugaverð hugmynd, en til þess að hún nái fram að ganga þarf enn að sníða af nokkra agnúa í starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja.

Þar má til dæmis nefna, að hér á landi verða skilyrði til fjárfestinga að vera í samræmi við það, sem best gerist í öðrum löndum. Samtök atvinnulífsins telja í því sambandi mikilvægt, að áhugaáðilum um fjárfestingu í nýsköpun sé gert kleift að stofna svokallaða samlagssjóði þar sem margir fjárfestar á borð við lífeyrissjóði, fyrirtæki og einkaaðila geta lagt fram fé. Lagalegt umhverfi slíkra sjóða er ekki nægjanlega skýrt hér á landi, t.d. hvað varðar skattlagningu, og því leggja innlendir fjárfestar frekar fé í slíka sjóði erlendis í stað þess að gera það hér heima. Nauðsynlegt er, að úr þessu verði bætt og að lagalegri óvissu verði eytt.

Skattaleg meðferð starfsmanna erlendra fyrirtækja sem starfa tímabundið á Íslandi

Þá má í annan stað nefna nauðsyn þess að skýra betur reglur um skattalega meðferð á tekjum starfsmanna erlendra fyrirtækja, sem taka að sér tímabundin verkefni hér á landi en fullkomin óvissa ríkir nú um áhrif tvísköttunarsamninga á skattskyldu þeirra. Skattframkvæmdin má ekki verða hindrun í alþjóðlegum viðskiptum, enda er það í beinni andstöðu við grunnreglur EES-samningsins um frjáls þjónustuviðskipti milli landa.

Ábyrgð fyrirtækja á öðrum fyrirtækjum

Ennfremur er rétt að vekja athygli á því, að það samræmist heldur ekki markmiðum um frjáls þjónustuviðskipti að gera fyrirtæki sem ræðst í verkefni hér á landi og kaupir þjónustu af öðru fyrirtæki ábyrgt fyrir staðgreiðsluskilum vegna starfsmanna seljanda þjónustunnar. Þannig er framkvæmdin, þegar um er að ræða erlenda starfsmenn, og gildir þá einu, hvort um er að ræða vinnuleigu-, þjónustu- eða verktakasamninga. Sú regla er ekki til eftirbreytni, enda er illmögulegt fyrir kaupanda í frjálsum viðskiptum að vita á hvaða grunni reikna eigi skattinn. Eins og flestum er kunnugt er nú rekið mál fyrir dómstólum gegn íslenska ríkinu til þess að fá ákvörðun yfirvalda um skattalega ábyrgð kaupanda þjónustu hnekkt.

Þá er óviðunandi, að erlend fyrirtæki, sem eru með tímabundna starfsemi hér á landi, skuli ekki geta skilað lögboðnum gjöldum í eigin nafni án þess að vera með fasta starfsstöð og skráningu í fyrirtækjaskrá hér á landi.

Hömlur á fjárfestingu og arðgreiðslur

Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að laga íslensk skattalög að alþjóðlegu samkeppnisumhverfi hvað varðar skattlagningu arðs, söluhagnaðar og þóknana til félaga, sem skráð eru erlendis. Erlend fyrirtæki munu án efa hika við að koma hingað til lands, þar til úr verður bætt á þessu sviði. Óhagstæðar reglur og ógegnsæi í skattframkvæmd að þessu leyti geta gert að engu hugsanlegan ávinning af tiltölulega lágum tekjuskatti lögaðila á Íslandi.

Ýmsar hindranir hamla fjárfestingu erlendra aðila hér á landi og hvetja innlenda aðila til þess að stofna erlend eignarhaldsfélög. Óvissa ríkir um það, hvernig farið er með skattlagningu á arði, sem erlend félög greiða til Íslands, og einnig ríkir óvissa um það, hvernig varið er skattalegri meðferð hagnaðar af erlendum hlutabréfum, sem fluttur er til landsins. Í nálægum samkeppnislöndum, t.d. í Danmörku, Svíþjóð og á Írlandi, hafa verið lögleidd ákvæði þess efnis, að fallið er einhliða frá álagningu afdráttarskatts á arð, sem greiddur er félagi með heimilisfesti í öðru ríki. Mikilsvert er að taka upp slík ákvæði í íslensk skattalög. Enn fleiri ríki hafa með tvísköttunarsamningum séð til þess, að fjárfestar verði ekki fyrir tvísköttun arðs eða söluhagnaðar við flutning milli landa. Því miður virðist Ísland hafa setið eftir við gerð tvísköttunarsamninga, þar sem hér á landi hafa aðeins 23 slíkir samningar verið gerðir meðan flest hinna Norðurlandanna hafa gert hátt í eitt hundrað slíka samninga. Auk þess sem gera þarf tvísköttunarsamninga við mun fleiri ríki þarf efni samninganna að vera í samræmi við framsæknari

tvísköttunarsamninga annarra ríkja, ekki síst varðandi það að koma í veg fyrir tvísköttun á arði.

Óvissa um skattalega meðferð, sem hér hefur verið lýst, getur komið í veg fyrir, að íslensk fyrirtæki greiði arð til Íslands af starfsemi erlendis, og hún getur einnig leitt til þess, að söluhagnaður af erlendum hlutabréfum skili sér ekki inn í íslenskt hagkerfi. Vandséð er, að alþjóðleg fjármálamiðstöð geti starfað í slíku umhverfi og er því brýnt að gera úrbætur á þessum sviðum.

Einfaldleikann að leiðarljósi

Ágætu fundarmenn – það er verk að vinna og saman geta íslensk stjórnvöld og atvinnulíf náð enn betri árangri, landi og þjóð til heilla. Við lifum á tímum, þar sem heimurinn allur er orðinn markaðssvæði sífellt fleiri íslenskra fyrirtækja. Í slíku umhverfi er mikilvægt að hafa að leiðarljósi að gera enn betur og að nýta öll þau tækifæri, sem bjóðast.

Samtök atvinnulífsins hafa ítrekað bent á það, að fella beri niður öll vörugjöld af mætvælum og setja þau í sama skattþrep virðisaukaskatts á sama tíma og lægra þrep hans yrði lækkað í 12%. Stjórnlyndri neyslustýringu yrði þar með kastað fyrir róða, úrelt gjaldtaka afnumin, skattkerfið einfaldað og bætt, og það sem meira er um vert, þá myndi þessi breyting stuðla að lækkun matvælavæðs. Tækifærið, sem við blasir, en ekki hefur verið nýtt að fullu, er að festa í sessi einfalt og skilvirkt skattkerfi, sem nýtist fyrirtækjum hér á landi til þess að eflast í alþjóðlegri samkeppni, án þess að með því verði grafið undan tekjuöflun ríkissjóðs.

Við framþróun á íslensku skattkerfi verður að setja það markmið í fyrirrúm að afla ríkissjóði aukinna tekna með einfaldleika í lagasetningu og reglubyrði að leiðarljósi. Skattkerfið er ekki hentugt tæki til þess að ná margbreytilegum pólitískum og félagslegum markmiðum. Þeir, sem vilja spila á skattkerfi, finna jafnan leiðir til þess og er rétt að hafa í huga, að hátt flækjustig er kjörumhverfi slíkra. Þegar upp er staðið, reynist einfalt og gegnsætt skattkerfi best. Það er því mikilvægt, að við einbeitum okkur að því að vinna að frekari endurbótum á íslensku skattkerfi – einsetjum okkur að koma því í fremstu röð og beitum því til þess að **efla** íslenskt atvinnulíf og þar með íslenskt samfélag.